

# Dagskrá og tillögur

fyrir aðalfund Hampiðjunnar er haldinn verður 28. mars 2014, kl. 16:00

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina árið 2013.
2. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar ársins 2013.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin hlutum.
7. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

## TILLÖGUR

Um greiðslu arðs:

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. haldinn 28. mars 2014 samþykkir að greiddur verði 0,54 arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa, alls að fjárhæð kr. 262.760.250. Arðurinn verði greiddur í viku 18. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 28. mars, þ.e. viðskipti sem fara fram á þeim degi koma fram í hlutaskrá félagsins á arðsréttindadeginum 2. apríl. Arðleysisdagurinn er 31. mars.

Um þóknun til stjórnarmanna:

Þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið ár verði kr. 1.200.000, formaður fái þrefaldan hlut.

Um endurskoðunarfélag:

PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið til næsta árs.

Um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum:

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. haldinn 28. mars 2014 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkist við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en kaupsamningur er gerður.